



UMHVERFISVIÐURKENNINGAR KÓPAVOGSBÆJAR 2019

BÆKLIINGUR UM VIÐURKENNINGARHAFA



Skólagerði 22

Inga Sigurðardóttir - Ingólfur Einar Kjartansson

Eitt fyrsta verkefni okkar fyrir 8 árum síðan var að taka nokkur tré niður svo sólin skini inn í garðinn. Úr varð heill skógur tekinn niður og eitt leiddi af öðru, við gerðum okkur ekki grein fyrir umfangi verkefnisins í upphafi.

Við fengum frábæra aðstoð frá JKverk ehf til framkvæmdanna og voru þeir fljótir og snyrtilegir. Hugsunin með endurskipulagningunni var að gera garðinn aðgengilegan, einfaldan og þægilegan enda um 700 fm² garð að ræða. Við skiptum um jarðveg og hækkuðum allan garðinn um ca 50 cm. Við erum búin að skipta um glugga í húsinu og völdum við þann kost að fá viðhaldsfria ál/tré glugga.

Í dag er garðurinn auðveldur í viðhaldi og erum við dugleg að viðhalda garðinum og húsinu á hverju ári með því að gera alltaf eitthvað á hverju ári.

Myndir fyrir viðhald og umhirðu



Umhirða húss og lóðar

Álfhólsvegur 48

Berglind Gear Bjarnadóttir - John Gear

Húsið við Álfhólsveg 48 var byggt 1954 og hefur tekið allmiklum breytingum á sínu æviskeiði.

Berglind og John keyptu húsið árið 2004. Fljótlega byggðu þau bílskúr, smíðuðu palla, tóku garðinn í gegn og komu fyrir heitum potti.

Árið 2015 var ákveðið að endurnýja þak, endurbyggja kvist að aftanverðu og skipta um utanhús klæningu og glugga.

Þegar framkvæmdum við bakhlið hússins var lokið, kom í ljós að fráfrenslislagirnir voru farnar í sundur. Þá var ekkert annað í boði en að brjóta upp gólfíð og endurnýja. Jarðhæð hússins var tekin í gegn og á meðan flutti fjölskyldan í bílskúrinn.

Árið 2018 var ákveðið að stækka kvistinn að framanverðu húsinu og halda áfram með endurnýjun á þaki og klæðningu. Húseigendur teiknuðu upp útlit hússins og fengu hönnuði í samstarf með sér til að skila inn teikningum. Farið var í þessar framkvæmdir og efri hæð hússins einnig tekin í gegn.

Segja má að húsið hafi verið endurnýjað að öllu leiti að innan sem utan og sáu Berglind og John að mestu um alla vinnu við framkvæmdir.



Endurgerð húsnæðis

Víghólastígur 24

Guðrún María Ólafsdóttir - Kári Pálsson

Við höfðum að leiðarljósi að gera húsið þægilegt fyrir íbúana og allt aðgengi væri hannað fyrir fatlaða. Hönnunarferlið tók um tvö ár og lá hönnunin að mestu leyti hjá okkur hjónum og nýttum við hönnunarforrit á netinu þar sem við gátum teiknað húsið í þrívídd og skoðað vistarverur.

Það sem við höfum að leiðarljósi var að leita að jafnvægi milli notagildis og hönnunar og tengingar garðs og vistarvera. Húsið er einstaklega bjart og lofthæð í stofu og eldhúsi mikil og skipti miklu máli að öll hljóð- og lýsingarhönnunin væri góð.

Klæðnigin á húsinu er blanda af hrafnitinnu og granít. Allir gluggar eru ál/ tré en við endurbyggðum nánast allt húsið en það sem skipti okkur meginmáli var að það félli vel við sitt nánasta umhverfi. Það var líka ómetanlegt að fá Verkfræðipjónustu VHÁ og Lúmx með okkur í þessa vegferð okkar að færa Víghólastíg í þá umgjörð sem hann er í dag.



Endurgerð húsnæðis

Heimalind

Á fundi bæjarstjórnar þann 28. júní síðastliðinn var samþykkt að veita Heimalind viðurkenninguna “Gata ársins 2019”

Við Heimalind standa 9 lágreist einbýlishús, 3 parhús og 5 raðhús. Íbúar hafa lagt rækt við að viðhalda sérkenni húsa og skapa falleg garðsvæði. Samspil forgarða og bygginga mynda fallega heild í landslaginu með samræmi í litum húsa og grænu yfirbragð.

Alls eru um 72 íbúar í götunni í þeim 20 húsum sem standa við Heimalind sem eiga uppruna sinn að rekja til Reykjavíkur, Ísafjarðar, Vestmannaeyja, Hvammstanga, Húnavatnssýslu, Hafnahrepps, Danmerkur og Þýskalands svo dæmi sé tekin en sameinast um það að hafa valið að búa í þessari fallegu götu.

Bygging húsanna við Heimalind hófst um 1998 og kjölfarið risu falleg hús við eina best skipulögðu götu bæjarins. Lega götunnar og útlit húsanna skapar upplifun um samheldni, náttúrutengsl og natni til þeirra sem við götuna búa.

Íbúar Heimalindar eru vel að viðurkenningunni komnir fyrir að hafa hugað vel að umhverfi sínu, haldið húsum sínum og lóðum snyrtilegum og götunni fallegri í árána rás. Íbúar götunnar eru öðrum íbúum Kópavogs hvatning og fyrirmynd.

Gata ársins

Bæjarlind 5

Hornsteinar arkitekta
Byggingarfélagið Bestla

Áhersla á vandaða hönnun húsa og svæða
Litið er á byggingu og umhverfi hennar sem eina heild er svari þeim metnaðarfullu markmiðum er fram koma í forsendum deiliskipulagsins. Staðsetning byggingarinnar og hæð mun sjálfkrafa gera hana að ákveðnu kennileiti í hverfinu. Við frumhönnun hennar var markvisst leitast við að draga úr umfangi hennar, þó leyfilegt byggingarmargn sé fullnýtt. Byggingin sækir fyrirmyndir sínar í nýja kynslóð borgarhúsa, sem ætlað er að standa þétt saman og inndregin hlésvæði á fyrstu hæð taka gesti og gangandi undir vængi sína.

Umhverfisvæn og endurnýjanleg byggingarefni
Við hönnun byggingarinnar er tekið mið af vistvænni hönnun og hafa markmið og kröfur erlendra vottunarkerfa verið höfð að leiðarljósi. Í samræmi við það, nær sú hönnun ekki einungis til vistvæni þeirra byggingaefna sem valin eru, heldur er einnig leitast við að uppfylla kröfur og markmið varðandi gæði rýma með tilliti til loftgæða, birtu, útsýnis o.fl. Við val hinna ýmsu byggingarefna, og -hluta er sérstaklega litið til lífsferilsskostnaðar efnanna. Þannig er stuðlað að betri nýtni byggingarefnis og sparnaðar til lengri tíma litið.

Hönnun

Bæjarlind 5

Útlit og efnisnotkun

Efnisnotkun og formun utanhúss er ætlað að styðja við fjölbreytileika hverfisins. Húsinu er skipt upp í fjóra hluta í plani sem hver um sig hefur sjálfstæða guggasetningu: þrjá íbúðakjarna auk stiga- og lyftuhúss. Kjallarinn, sem er að hluta jarðhæð á norðurhluta lóðarinnar, myndar einkonar syllu fyrir bygginguna; úthliðar syllunnar eru úr litaðri sjónsteypu sem teygir sig síðan upp í gegnum húsið um lyftu- og stigagöng. Íbúðakjarninn er einangraður að utan og klæddur áli og steinklæðningu, sem ýmist er slétt eða bárað og myndar á þann hátt ólík ljósbrott á úthliðunum. Fjórir grunnlitir eru á ytra birðinu sem endurspeglar form byggingarinnar. Þannig dregur verulega úr sjónrænum áhrifum byggingarmassans og markmiðinu með uppbroti lóðréttra flata er fullnægt.

Innra skipulag íbúða

Leiðarstefið við mótun innra skipulags hússins er gæði og góð nýting. Gæðin koma m.a. fram í innbyrðis afstöðu íbúðanna: þær hafa allar tvær úthliðar og flestar þrjár. Birtudreifing verður því sérstaklega góð. Íbúðunum er skipt upp í tvö notendasvæði: fjölnotarými (stofa – borðstofa – eldhús) og einkarými (svefnherbergi). Gangarými er haldið í lágmarki, bæði í íbúðum og sameign. Inngangar í húsið eru tveir: úr suðri af 1. hæð og frá bilastæðum og aðkomu norðan hússins. Góð nýting kemur m.a. fram í því að mækkvísst hefur verið unnið að því að minnka ganga inn í íbúðum. Einnig má benda á það að allar íbúðir í húsinu standast algilda hönnun, og henta því öllum.

Hönnun

Sunnusmári 24-28

201 Smári

Arkís arkitektar

Sunnusmári 24-28 er fyrsti áfangi í 201 Smára sem er nýtt borgarhverfi í miðju Kópavogs og höfuðborgarsvæðis þar sem munu rýsa um 675 íbúðir þegar hverfið verður fullbúið.

Í þessum fyrsta áfanga eru íbúðir af ýmsum stærðum sem henta sem flestum, fyrstu kaupendum, fjölskyldum og þeim sem vilja minnka við sig í hverfi þar sem öll þjónusta er í göngufjarlægð.

Lögð er áhersla á vandaðan frágang, viðhaldslétt byggingarefni og að nýta hvert rými, bæði innan húss og utan ásamt því að horft er til framtíðar með tæknilausnum.



Frágangur húss og lóðar
á nýbyggingarsvæði

Hrauntunga 93

Ingolf Jóns Petersen - Sigrún I Petersen

Um Hrauntungu 93 er það að segja, að eigendur hússins keyptu það 1982. Garðurinn var þá hallandi grasflöt, umlukin birkilimgerði, sem kom sér vel er börnin voru yngri.

Með árunum hefur verið leitast við að hafa umhirðu garðsins sem auðveldasta, því var limgerðið fjarlæggt og sígrænir runnar og tré sett niður meðfram götunni, en stallað grindverk í stíl við húsin vestan við garðinn. Leitast hefur verið við að viðhalda húsinu sem best með málun og öðru nauðsynlegu viðhaldi.



Umhirða húss og lóðar